



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Ráðhús Reykjavíkur
b.t. Dags B. Eggertssonar
borgarstjóra
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík 17. desember 2020

2009370SA KB
Málalýkill: 01.13

Efni: Krafa frá Reykjavíkurborg um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 11. desember 2020 var lagt fram meðfylgjandi bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 19. nóvember 2020, um kröfu Reykjavíkurborgar um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, ásamt fylgiskjölum. Einnig lögð fram meðfylgjandi bókun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 1. desember 2020, og bókun bæjarráðs Hveragerðisbæjar frá 3. desember 2020, um málið.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga harmar þá stöðu sem komin er upp í samskiptum Reykjavíkurborgar og ríkisins vegna kröfu borgarinnar um að fá um 8,7 ma.kr. fjárframlag frá ríkinu þar sem að mati borgarinnar sé ekki lagastoð fyrir hluta af skerðingum á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til borgarinnar. Stjórn sambandsins leggst alfarið gegn því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði fyrir fjárhagslegum skaða vegna þessa máls og kallar stjórnin eftir formlegum yfirlýsingum þess efnis frá málsaðilum.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjöl: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, dags. 19. nóvember 2020, ásamt fylgiskjölum
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, dags. 8. desember 2020
Hveragerðisbær, dags. 8. desember 2020

Samrit: Sigurður Ingi Jóhannesson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30
108 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík
sími:5458200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 19. nóvember 2020
Tilv.: SRN20010076/4.6

Með bréfi dags. 20. desember 2019 barst fjármála- og efnahagsráðuneyti meðfylgjandi erindi Reykjavíkurborgar. Þar er íslenska ríkið krafðið til greiðslu samanlagt kr. 5.860.817.432,- ásamt vöxtum vegna vangreiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árunum 2015 til 2018. Byggir krafa Reykjavíkurborgar á að reglur sjóðsins, sem kveða á um að framlög sjóðsins til Reykjavíkurborgar falli niður eða lækki, skorti lagastoð og séu þ.a.l. í andstöðu við 2. mgr. 78. gr. stjórnarskránna en þar segir að tekjustofnar sveitarfélaga skuli ákveðnir með lögum. Vísar Reykjavíkurborg til Hæstaréttardóms frá 14. maí 2019, í máli nr. 34/2018, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ákvæði í reglugerð, sem sagði að tiltekin framlög úr jöfnunarsjóð myndu falla niður ef sveitarfélög væru með 50% hærri tekjur á hvern íbúa en sambærileg sveitarfélög, væri ekki í samræmi við ofangreint stjórnarskrárákvæði. Þá heldur Reykjavíkurborg því jafnframt fram að reglur Jöfnunarsjóðs brjóti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Ríkislögmaður hefur fyrir hönd ríkisins hafnað kröfunni með ítarlegri greinargerð. Að mati ríkisins er eðlismunur á þeim reiknireglum sem Reykjavíkurborg telur að hafi skort lagastoð og reglunnar sem deilt var um í Hæstaréttardómi nr. 34/2018. Í umræddum dómi var fjallað um reglu sem kvað á um að framlög myndu falla niður til sveitarfélaga, skv. ákveðnu mati ráðherra. Þau reglugerðarákvæði sem eiga við í þessu máli eru hins vegar annað hvort sjálfar reiknireglur sjóðsins, sem fela í sér útreikning á framlögum að gefnum ákveðnum forsendum, eða reglur sem byggja á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga.

Er því um annað álítefni að ræða en deilt var um í Hæstaréttardómi nr. 34/2018. Þá hafa dómstólar ekki viðurkennt það sjónarmið að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar kunní að eiga við um sveitarfélög eins og Reykjavíkurborg heldur fram í kröfu sinni, enda er reglunni fyrst og fremst ætlað að vernda borgara gegn stjórnvöldum en ekki stjórnvöld hvort gagnvart öðru. Mestu skiptir þó að ekki getur verið um brot á jafnræðisreglu að ræða ef reglur Jöfnunarsjóðs byggja á málefnalegum og réttmætum grunni, eins og ráðuneytið telur að eigi við í tilvikum Jöfnunarsjóðs.

Þann 5. nóvember sl. barst Ríkislögmanni meðfylgjandi erindi frá Reykjavíkurborg þar sem röksemdafærslu ríkisins er hafnað og fyrri krafa borgarinnar ítrekuð. Kom jafnframt fram að heildarkrafa borgarinnar næmi samtals 8.704.866.263 kr. ásamt vöxtum, að teknu tilliti til ársins 2019.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið harmar þennan málflutning borgarinnar og hafnar alfarið

allri þeirri kröfugerð og röksemdafærslum sem í honum felst. Í því sambandi er einnig rétt að vekja sérstaka athygli á því að ef til þess kæmi að málið yrði dómtekið og niðurstaða yrði á einhvern hátt ríkinu í óhag, færi uppgjör á mögulegri bótagreiðslu fram á vettvangi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Vísar ráðuneytið því til staðfestingar á meðfylgjandi álit frá Andra Árnasyni lögmanni, sem unnið var fyrir ráðuneytið, sbr. einnig reikningslega meðferð í ársreikningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna 2019 á bótakröfu sem dæmt var á íslenska ríkið í umræddum Hæstaréttardómi. Kröfu borgarinnar er því beint gegn þeim sveitarfélögum sem njóta greiðslna úr sjóðnum vegna viðkomandi framlaga.

Óskar ráðuneytið eftir því að mál þetta verði tekið til umfjöllunar hjá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og kallar jafnframt eftir afstöðu hennar til kröfu borgarinnar. Við þá umfjöllun er mikilvægt að hafa til hliðsjónar lögbundið hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Hermann Sæmundsson

Reykjavíkurborg,
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.

Norðurlandi vestra, 1. desember 2020

Efni: Bókun stjórnar SSNV vegna kröfu Reykjavíkurborgar á hendur Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Á 60. fundi stjórnar SSNV sem haldinn var þann 1. desember 2020 var eftirfarandi fært til bókar undir lið 1:

Þann 24. nóvember 2020 bókaði byggðarráð Skagafjarðar svohljóðandi um kröfu Reykjavíkurborgar á hendur Jöfnunarsjóði sveitarfélaga:

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar harmar þá stöðu sem upp er komin í málefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Reykjavíkurborg virðist ætla að halda til streitu kröfu á hendur Jöfnunarsjóði upp á um 8,7 milljarða króna fyrir meint vangoldin framlög úr sjóðnum. Þessari kröfu hefur þegar verið hafnað af hálfu ríkisins.

Ljóst er hins vegar að muni krafan ná fram að ganga þá eru það sveitarfélögin í landinu, í gegnum Jöfnunarsjóð, sem á endanum munu greiða kröfuna í formi skertra framlaga til þeirra eins og fyrri kröfur sem lent hafa á sjóðnum. Með því er ljóst að fjárhagsleg framtíð sveitarfélaga í landinu er í uppnámi sem og framtíð þess jöfnunarkerfis sem hingað til hefur verið sátt um á meðal sveitarfélaga landsins. Mörg sveitarfélög treysta að miklu leyti á framlög Jöfnunarsjóðs til að sinna þeim fjölmörgu verkefnum sem þeim eru falin og því ljóst að skerðing á framlögum til þeirra í gegn um jöfnunarkerfið mun gera mörgum sveitarfélögum ókleift að sinna þessum verkefnum. Það mun leiða til þess að þjónusta við íbúana mun skerðast verulega frá því sem nú er.

Flest sveitarfélög landsins takast nú á við mjög erfiða fjárhagsstöðu á árinu 2020 og jafnframt er flestum þeirra mikil áskorun að ná endum saman við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. Nái krafa höfuðborgar Íslands, sem byggð hefur verið upp af hálfu ríkisins og skattborgara landsins alls sem miðstöð stjórnarsýslu, menningar, íþróttu og lista, fram að ganga er ljóst að rekstur sveitarfélaga landsins er í uppnámi um komandi framtíð.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar skorar á Reykjavíkurborg að draga kröfu sína til baka og leita annarra leiða gagnvart ríkisvaldinu til að ná fram þeirri leiðréttingu sem borgin telur sig eiga rétt á en í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga og þar með gagnvart sveitarfélögunum í landinu, með ófyrirséðum afleiðingum fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra. Byggðarráð skorar jafnframt á önnur sveitarfélög landsins að taka undir bókunina og gera að sinni.

Stjórn SSNV tekur heilshugar undir bókun Byggðarráðs Skagafjarðar og gerir að sinni.

Ofangreint tilkynnist hér með.

F. h. stjórnar SSNV,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri.

Samrit sent: Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti, Sveitarfélaginu Skagafirði, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga.